

Níundi fundur skólanefndar þann 27. febrúar á skrifstofu skólameistara kl. 16:40

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Gerður Sigtryggsdóttir (í fjarveru Péturs Bergmanns), Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og María Jónsdóttir fulltrúi foreldra. Alma Dröfn Benediktsdóttir og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara boðuðu forföll

Sigurbjörn Árni Arngrímsson ritaði fundinn.

1. Uppgjör haustannar

Raunmæting í skólann var 86,8%, óútskýrð fjarvera var 7,9%, 3,7% fóru í veikindi og 1,2% í leyfi. Meðaleinkunn annarinnar var 7,37 og hefur aldrei verið hærri. Meðalhópastærð var 20,0 nemendur að meðaltali. Brottfall úr áfanga var 3,9% og þrír nemendur hættu á önninni sem er með meira móti.

2. Nemendafjöldi á vorönn

103 nemendur hófu nám við skólann á vorönn, þar af voru 80 nemendur á heimavist, 3 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 5 voru utan vista og því voru 88 nemendur í dagskóla. 10 nemendur voru utan skóla og 5 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Alls voru 12 nemendur á almennri braut, 36 á félagsvísindabraut, 16 á íþróttabraut, 21 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir), 13 á náttúruvísindabraut og fimm nemendur eru á tveimur brautum. Einn nemandi hefur hætt á önninni.

Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt, þannig voru 57 stúlkur skráðar í skólann og 46 drengir og á heimavist voru 43 stúlkur og 37 drengir.

3. Skólastarfið það sem af er vorönn

Í upphafi annar var stofnað foreldrafélag við skólann.

Nemendur tóku þátt í Gettu betur alveg í blábyrjun annarinnar. Þau byrjuðu á að leggja Menntaskólann á Ásbrú að velli en töpuðu í seinni útvarpsumferðinni fyrir Menntaskólanum á Ísafirði.

Í lok janúar fór hluti verkefnastjórnar þær Margrét og Ásta ásamt Halli áfangastjóra og Kristni kerfisstjóra á BETT ráðstefnuna í London en það er stærsta ráðstefnan um tækniþróun í skólastarfi og kennslu í heiminum. Ferðin heppnaðist vel og komu þau heim uppfull af hugmyndum.

Að venju var gleði hjá nemendum í kringum ofurskálarleikinn. Kristján kokkur ásamt Hnikari íþróttakennara og skólameistara steiktu hamborgara ofan í nemendur um kl. 23 og svo horfðu nemendur á leikinn fram á nótt. Skólastarf hófst 11 daginn eftir.

Skólinn er í samstarfi við leikdeild UMF Eflingar um uppsetningu á leikritinu *Í gegnum tíðina* og taka um 20 nemendur þátt í uppfærslunni. Leikritið verður frumsýnt þann 1. mars og hafa nemendur staðið sig vel í þessu starfi.

Í kjördæmavíkunni fengum við heimsóknir bæði frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs ásamt forsætisráðherra og þingmönnum Samfylkingarinnar.

4. Starfsmannamál á vorönn

Jóna Björk Jónsdóttir er komin aftur í 100% starf (var í 80% á haustönninni) en engu að síður var Sigurlaug L. Svavarsdóttir ráðin á vorönninni til að kenna íslensku á 1. ári. Gunnhildur Hinriksdóttir var einnig ráðin í stundakennslu til að kenna lyftingar.

Sigrún Aagot Ottósdóttir skólafulltrúi sem hefur verið í barnsburðarleyfi hefur sagt stöðu sinni lausri. Staðan var auglýst og hefur Sólborg Matthíasdóttir verið ráðin í hana frá og með 1. mars. Skólanefnd þakkar Sigrúnu Aagot fyrir störf hennar í þágu skólans.

Kristján Snæbjörnsson umsjónarmaður fasteigna hefur tilkynnt að hann muni hætta störfum núna í vor og fyrir liggur því að auglýsa það starf. Einnig verður starf náms- og starfsráðgjafa

auglýst til afleysingar í eitt ár vegna þess að Eygló Sófusdóttir mun fara í barnsburðarleyfi í sumar.

5. Starfsmannanámskeið

Skólinn réð Sigríði Indriðadóttur hjá Saga Competence til að halda námskeið fyrir starfsfólkið sem miðar að því að valdefla það, auka sjálfsþekkingu þess og hugrekki, sem og að byggja upp enn öflugri liðsheild til framtíðar. Sigríður er með meistaragráðu í mannauðsfræðum og námskeiðið er í þremur hlutum, fyrst á starfsdögum í byrjun janúar, svo um miðan mars og að lokum í maí á starfsdögum.

6. Starfsþróunarviðtöl

Skólameistari hefur síðustu vikuna eða svo verið að taka starfsþróunarviðtöl við starfsmenn. Þau hafa gengið vel og margt gagnlegt komið fram. Fjögur viðtöl eru eftir og munu klárast á næstu viku.

7. Skólakynningar

Skólinn hefur hafið kynningarstarfsemi sína fyrir næsta vetur. Skólameistari er byrjaður á heimsóknum á Suðurnesin en allir skólar þar verða heimsóttir. Við munum svo taka á móti eða heimsækja alla grunnskóla á Akureyri og fara auk þess í kynningar á Austurland. Einnig verður farið í hverfakynningar í Reykjavík ef tækifæri gefst.

Skólinn hefur samið við auglýsingastofuna Sahara um að stýra stafrænni markaðsherferð núna í vor. Nemendur eru einnig að vinna kynningarefni og Sólborg skólafulltrúi er á námskeið hjá Sahara um markaðsherferðir. Vinna Sahara er því í samstarfi við nemendur og Sólborgu

8. Afmælisnefnd

Afmælisnefnd hefur fundað tvisvar á önninni og miðar undirbúningi 100 ára afmælis skólans eins og við má búast.

9. Fjármál

Uppgjör ársins 2023 liggur ekki fyrir að svo stöddu.

10. Tröllasteinn

Ekkert hefur heyrst frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi kaup á Tröllasteini eða áframhaldandi leigu. Skólinn hefur Tröllastein á leigu til 30. júní en óvissa ríkir með næsta vetur hvort Tröllasteinn ehf. muni leigja skólanum húsnæðið og þá á hvaða kjörum en leigan sem ríkið innheimtir fyrir sínar eignir er tvisvar sinnum hærri en það sem skólinn borgar fyrir Tröllastein.

11. Framkvæmdir

Framkvæmdum í Dvergasteini var endanlega frestað í byrjun janúar. Nú er stefnt af því að hefja verkið í byrjun janúar 2025. Skólameistari hefur lagt áherslu á að verkinu verði lokið fyrir 100 ára afmæli skólans fyrsta vetrardag 2025.

Hljóðvist í vinnustofum á aðal hæð Gamla skóla verður bætt með nýjum loftplötum í mars og apríl.

12. Stofnun ársins

Niðurstöður úr Stofnun ársins liggja fyrir og hefur einkunn skólans hækkað um 0,12 frá fyrra ári og stendur í 4,33. Skólinn hækkaði aðeins á flestum þáttum.

13. Næsti fundur skólanefndar

Næsti fundur er áætlaður 16. apríl 2024, kl. 16:30.

14. Önnur mál

Engin önnur mál bókuð